

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í fyrstu greinum þessa frumvarps eru heimildir til að taka á ríkissjóð nokkuð af skuldum rafmagnsveitna ríkisins. Við teljum, að þar sé of skammt gengið í þá átt að léttu skuldabyrði rafmagnsveitnanna, og flytjum breytingartillögu um að veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánnum, sem tekin hafa verið handa raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Samkvæmt skýrslu, er fjárhagsnefnd fékk, eru lánin sem hér segir:

Erlend lán um	438.8 millj. kr.
Innlend lán um	143.4 — —

Í þessu sambandi má benda á, að allstór hluti af skuldum rafmagnsveitnanna á rætur að rekja til opinberra ráðstafana, þ. e. lækkunar á gengi íslenskra peninga. Á efnahagsreikningi rafmagnsveitna ríkisins er einn eignarliðurinn þannig:

„Gengisbreyting erlendra skulda 130 641 031.43“

Þennan gengishalla hefði ríkið átt að taka á sig, strax þegar hann myndaðist, eins og það tók að sér að greiða gengistap fyrir sumar aðrar ríkisstofnanir. En vegna þess að það var ekki gert, hafa rafmagnsveiturnar orðið að borga margar millj. kr. í vexti af gengistapinu á undanförunum árum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt, að rekstrarhalli rafmagnsveitnanna sé nú „yfir fimm tugi milljóna á ári“. Þetta er ónákvæm frásögn. Samkvæmt reikningum rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins hefur samanlagður rekstrarhalli þeirra síðustu árin verið sem hér segir:

Árið 1962	kr. 25 642 808.42
— 1963	— 31 872 045.50
— 1964	— 42 228 787.73

Af rekstrarhallanum 1964 voru um 6.5 millj. afskriftir af áðurnefndu gengistapi, og þar að auki nokkrar millj. í vexti af því.

Í frumvarpinu eru ákvæði um nýjan skatt, sem rafmagnsnotendum er ætlað að greiða. Skatturinn er þar nefndur verðjöfnunargjald. En ríkisstjórninni hefur láðst að setja í frv. fyriræli um verðjöfnun á rafmagni. Til þess að bæta úr þessu flytjum við breytingartillögu um, að söluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og að verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skuli vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við gerum ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna þessa ákvæðis.

Ríkið er langstærsti raforkuframleiðandi og raforkusali landsins. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjárhagsnefndir Alþingis fengu á síðasta þingi, er talið að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins utan landsvirkjunarsvæðisins sé um 30% hærra en frá Landsvirkjun, sem ríkið á að hálfu leyti, og að söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé um 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þessi verðmunur þarf að hverfa. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá rafmagnsverzlun ríkisins. Það er réttlætismál.

Verði breytingartillögur okkar samþykktar, er eðlilegt, að sú breyting verði gerð á frumvarpinu, að rafmagnsskatturinn, ef hann verður í lög tekinn, renni í ríkissjóð, en ekki til rafmagnsveitna ríkisins. Mætti þá athuga það við 3. umr. frv.

Breytingartillögur okkar eru á sérstöku þingskjali.

Afstaða okkar til frumvarpsins fer eftir því, hverjar viðtökur breytingartillögur okkar fá í þingdeildinni.

Alþingi, 14. des. 1965.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.
frsm.